



13. fundur stjórnar Aftureldingar 28. nóv. 2012

Fundur settur kl. 18:15 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir. Gylfi Gíslason boðaði forföll.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

1. Uppskeruhátíð.
2. Fundir með deildum.
3. Slys á íþróttasvæðinu.
4. Veltiskilti.
5. Staða mála á skrifstofu.
6. Reglur um stjórnir deilda.
7. Tilnefning í siðanefnd.
8. Staða samninga við Mosfellsbæ.
9. Önnur mál.

1. Uppskeruhátíðin. Fáir mættir um morguninn og ástæða til að skoða fyrirkomulag fyrir yngstu börnin fyrir næstu hátíð. Ein hugmynd er að flytja dagskrána fyrir yngstu börnin yfir á Túnið heima og hafa einungis eldri en ellefu ára í október á Uppskeruhátíðinni. Hátíðin eftir hádegi gekk vel. Kristínu og Ásmundi þakkað vel unnið starf við undirbúning hátíðarinnar.
2. Fundir með deildum. Hekla gjaldkeri fór yfir punkta frá fundum með deildum. Áhyggjuefni að það kom fyrir að sömu athugasemdir komu fram og á fundum í fyrra. Þarf að skoða sérstaklega. Ákveðið að frá og með áramótum muni gjaldkerar fá senda stöðuna um hver mánaðamót. Rætt að nýjar stjórnir þurfi að fá upplýsingar um raunstöðu sinnar deildar þegar þær taka við.
3. Slys á íþróttasvæðinu. Í hálkunni undanfarið hefur verið mikill misbrestur á að sandað og/eða saltað væri nægilega á svæðinu og slys hafa orðið og næstum orðið. Aðalstjórn lýsir áhyggjum sínum yfir að ekki virðist vera nægilega gott skipulag á þessum málum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda bréf til íþróttfulltrúa og upplýsa um áhyggjur hennar. Öll slys sem verða á íþróttasvæðinu að Varmá, úti eða inni, skal tilkynna starfsmönnum hússins. Einnig er mikilvægt að félagið sjálft hafi upplýsingar um slys í sínum fórum. Íþróttastjóra falið að útbúa eyðublað sem sent verður til allra þjálfara og formanna deilda og skal fylla út og skila á skrifstofu ef slys, smá eða stór, verða á svæðinu.
4. Veltiskilti. Eigandi skiltisins gerir kröfur á félagið en félagið viðurkennir ekki réttmæti þeirra krafna. Ákveðið að fá fulltrúa frá golfklúbbnum og hestamannafélaginu ásamt fulltrúa félagsins, Gylfa Gíslasyni, til að vinda ofan af þessu máli, koma samningi í lag og skiltinu í vinnu fyrir félagið.
5. Staða mála á skrifstofu. Framkvæmdastjóri fór yfir innheimtumál. Vefsíðumálin rædd aftur og framkvæmdastjóra og ritara falið að vinna áfram að lausn.
6. Reglur um stjórnir deilda. Rætt um reglur varðandi mönnun stjórnna deilda.
7. Tilnefning í siðanefnd. Finna þarf fulltrúa í siðanefnd. Málin rædd.
8. Staða samninga við Mosfellsbæ. Búið að leggja hugmynd að samningi fyrir bæjaryfirvöld sem lýst hafa vilja til að ræða þær hugmyndir áfram.

9. Önnur mál. Formannafundur verður haldinn miðvikudag 5. desember og hefst kl 17:10.
Dagskrá tilkynnt síðar.

Fundi slitið kl. 20:07. Næsti fundur verður haldinn 12. desember.
Fundarritari Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar.